

artala þess og, ef krafizt er, einnig kynferði, aldur, litur og hæð hrossins. Útflytjandi skal leggja til nægilega vönduð merkisþjóld. **25**

6. marz

Dýralækni og skipstjóra er einnig skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, útlit og heilbrigði hrossanna á útskipunardegi í samræmi við kröfur um heilbrigðisvottorð, sem gerðar eru á hverjum tíma í löndum þeim, sem hrossin eru flutt til.

Ef krafizt er sérstakra prófa á hrossunum til ákveðinna landa, er skoðunar-dýralækni skylt að framkvæma slík próf, enda sé honum tilkynnt um það með nægum fyrirvara.

Greiðslu fyrir slík próf skal útflytjandi inna af hendi í samræmi við gjaldskrá fyrir dýralækna eins og hún er ákveðin á hverjum tíma af landbúnaðarráðuneytinu. Dýralæknum er óheimilt að framkvæma skoðun á hrossum til útflutnings, sem hann á sjálfur eða lætur flytja til útlanda.

13. gr.

Dýralækna skulu við lok hvers árs senda landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um útflutt hross, aldur þeirra, kyn og lit, hvenær og með hvaða skipi hrossin voru flutt.

Þá skulu þeir jafnframt senda skýrslu um tölu kyrrsettra hrossa og skýra frá orsökum þeim, er til þess lágu, að hrossin voru kyrrsett.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2000 til 20000 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál, er rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðarinnar, skal farið sem almenn lögglumál.

15. gr.

Reglugerð þessi er gerð samkvæmt lögum um útflutning hrossa, nr. 64 26. nóv. 1958, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt staðfestingu þessarar reglugerðar eru úr gildi fallin reglugerð nr. 143 10. des. 1908 og erbr. nr. 145 22. des. 1908.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um kærufrest varðandi skatt á stóreignir.

26

6. marz

1. gr.

Frestur til að kæra til skattstjórans í Reykjavík og ríkisskattanevndar skatt á stóreignir, lagðan á hlutfjár- og stofnsjóðseignir skal vera 20 dagar frá því tilkynning um skattaákvörðun eða kæruúrskurðun er póstlögð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, sbr. og lög nr. 46/1954, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. marz 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.